


Útgjöld og gistiincætur ferðamanna á Íslandi



Frá Landmannalaugum.

Mynd: RG



Hagstofa Íslands

Samantekt unnin fyrir Hagstofu Íslands

desember 2007

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson
Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Tækniðarði, Dunhaga 5,
107 Reykjavík

Efnisyfirlit

| | |
|---|----------|
| 1.0 Útgjöld innlendra ferðamanna á Íslandi 1992-2005 | 1 |
| 2.0 Útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 1996-2005 | 3 |
| 2.1 Útgjöld eftir markaðssvæðum | 5 |
| 2.2 Útgjöld eftir tilgangi ferðar | 5 |
| 2.3 Útgjöld eftir föruneyti | 6 |
| 2.3 Útgjöld á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni | 6 |
| 3.0 Gistinætur Íslendinga á ferðalögum innanlands 2004 | 7 |
| 4.0 Gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi 2004 | 8 |
| 4.1 Gistinætur eftir markaðssvæðum | 9 |
| 4.2 Gistinætur eftir landshlutum | 11 |
| 4.3 Gistinætur eftir gismáta | 12 |

1.0 Útgjöld innlendra ferðamanna á Íslandi 1992-2005

Áætlanirnar sem hér fara á efir byggja á neðangreindum könnunum RRF:

1992

Könnun framkvæmd á 15 stöðum við hringveginn meðal Íslendinga á ferð um landið sumarið 1992. Alls 2067 svarendur. Af þeim sundurliðuðu 1239 útgjöld sín, um 61%.

1996

Könnun framkvæmd á 15 stöðum við hringveginn meðal Íslendinga á ferð um landið sumarið 1996. Alls 1672 svarendur. Af þeim sundurliðuðu 1042 útgjöld sín s.l. sólarhring, um 62%.

1999

Sumarkönnun meðal ferðamanna á Norðurlandi vestra sumarið 1999. Þar svöruðu 267 innlendir næturgestir og 63% þeirra sundurliðuðu eyðslu sína á svæðinu síðasta sólarhringinn.

2003

Könnun meðal Íslendinga á norðanverðum Vestfjörðum sumarið 2003. 292 Íslendingar tóku þátt og 61% þeirra sundurliðuðu útgjöld sín á svæðinu.

2005

Könnun meðal Íslendinga á Austurlandi sumarið 2005. 329 Íslendingar tóku þátt og 67% þeirra sundurliðuðu útgjöld sín á svæðinu.¹

1. tafla

Útgjöld Íslendinga á ferðum innanlands 1992-2005

| | Íslandi 1992 | % | Íslandi 1996 | % | NV-landi 1999 | % | N-Vestfj 2003 | % | Austurl 2005 | % |
|---------------------|-----------------|----|-----------------|----|------------------|----|------------------|----|-----------------|----|
| Gisting | 390 | 17 | 420 | 14 | 830 | 25 | 660 | 15 | 1050 | 17 |
| Tjaldsvæði | | | | | | | 80 | 2 | 250 | 4 |
| Véilingahús | 460 | 19 | 570 | 18 | 500 | 15 | 910 | 21 | 1120 | 18 |
| Sjóppur | 170 | 7 | 350 | 11 | 420 | 13 | | | | |
| Matvara | 440 | 19 | 450 | 14 | 320 | 10 | 800 | 19 | 800 | 12 |
| Gjafir/minjagripir | 50 | 2 | 90 | 3 | 70 | 2 | | | | |
| Eldsneyti/viðgerðir | 550 | 23 | 900 | 29 | 870 | 26 | 1260 | 29 | 2180 | 34 |
| Afþreying | 180 | 8 | 170 | 6 | 180 | 6 | 460 | 11 | 610 | 10 |
| Annað | 130 | 5 | 150 | 5 | 110 | 3 | 150 | 3 | 300 | 5 |
| ALLS kr | 2370 | | 3100 | | 3300 | | 4320 | | 6310 | |

Flest bendir til þess að dagleg útgjöld innlendra ferðamanna á Austurlandi sumarið 2005 séu í hærri kantinum miðað við meðalútgjöld Íslendinga á ferð um landið það árið.

¹. Allar þessar kannanir voru framkvæmdar á landsbyggðinni. Mikilvægt er að framkvæma könnun til að fá fram sundurliðuð útgjöld innlendra gesta á höfuðborgarsvæðinu, þar sem neyslumynstur þar er líklega talsvert annað en á landsbyggðinni, t.d. minna eytt í eldsneyti en meira í verslun og veitingar.

Eins og kemur fram á bls. 7 er áætlað að um fjórðungur af gistenóttum Íslendinga innanlands, utan hversdagsumhverfis, árið 2004 hafi verið eigin sumarhúsum eða sumarhúsum í eigu fjölskyldunnar. Oft næst fremur illa í sumarhúsafólkið í könnunum en athuganir benda til þess að meðalútgjöld þeirra á dag hafi verið nálgægt 3.000 kr á einstakling árið 2004.²



Frá Ósvör við Bolungarvík.

Mynd: RG

Að öllu samanlöögðu má áætla að meðalútgjöld Íslendinga í ferðum utan hversdagsumhverfis á Íslandi árið 2004 hafi verði 4.500-5.000 kr á mann. Gistinætur Íslendinga á ferðum innanlands eru áætlaðar um 4,9 milljónir það ár. Samkvæmt því má áætla heildarútgjöld innlendra næturgesta á ferð um Ísland 22-25 milljarða árið 2004.³ Þá eru ótalin útgjöld Íslendinga í dagsferðum sem skipta örugglega nokkrum milljörðum en hafa ekki verið nægilega vel rannsökuð.

². Hér er stuðst við kannanir RRF á útgjöldum sumarhúsafólks í uppsveitum Ámessýslu sumarið 1996 og sumarhúsafólks sem tók þátt í könnun í Árborg árið 2001 og þær niðurstöður uppfærðar miðað við viðstörlubreytingu fram til 2004.

³. Þessar áætluðu útgjaldatölur má hækka um, 15-20% til að fá fram núvirði (desember 2007) ef miðað er við vísítoluhaekkanir síðustu þriggja ára. Þannig að líklegt er að útgjöld innlendra næturgesta á Íslandi verði allt að 30 milljarðar króna árið 2007.

2.0 Útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 1996-2005

Áætlanirnar sem hér fara á eftir byggja á neðangreindum könnunum RRF:

1996

Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 1996, könnun framkvæmd í Leifsstöð og á Seyðisfirði. 1740 svör, þar af 66% sem sundurliðuðu útgjöld sín á Íslandi.

1999


Sumarkönnun meðal erlendra ferðamanna á Norðurlandi vestra sumarið 1999. Þar af 223 erlendir næturstir og 61% þeirra sundurliðuðu eyðslu sína á svæðinu.

2003

Könnun meðal erlendra ferðamanna á norðanverðum Vestfjörðum sumarið 2003. 113 erlendir ferðamenn tóku þátt og 65% þeirra sundurliðuðu útgjöld sín á svæðinu.

2005

Könnun meðal erlendra ferðamanna á Austurlandi sumarið 2005. 474 tóku þátt og 70% þeirra sundurliðuðu útgjöld sín á svæðinu.



Maturinn er mannsins megin. Mynd: Manne Stenros

2. tafla

Útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 1992-2005

| | Íslandi 1996 | % | NV-land 1999 | % | Vestfirðir 2003 | % | Austurland 2005 | % |
|---------------------|-----------------|----|-----------------|----|--------------------|----|--------------------|----|
| Gisting | 2430 | 41 | 1350 | 37 | 1090 | 26 | 2670 | 33 |
| Tjaldsvæði | | | | | 220 | 5 | 200 | 3 |
| Veitingahús | 1110 | 19 | 680 | 19 | 860 | 20 | 1430 | 18 |
| Matvara | 440 | 8 | 490 | 13 | 680 | 16 | 1160 | 14 |
| Gjafir/minjagripir | 560 | 9 | 180 | 5 | | | | |
| Eldsneyti/viðgerðir | 290 | 5 | 630 | 17 | 960 | 22 | 1540 | 19 |
| Afþreying | 370 | 6 | 170 | 5 | 200 | 5 | 750 | 9 |
| Annað | 730 | 12 | 150 | 4 | 260 | 6 | 360 | 4 |
| ALLS kr | 5.930 | | 3.650 | | 4.270 | | 8.110 | |

Um 362 þúsund erlendir ferðamenn komu til Íslands með flugi eða ferju árið 2004. Meðaldvöl þeirra, samkvæmt rannsóknum Rannsókna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar (RRF), var 7,73 nætur; þar af 9,9 nætur að sumarlagi en 5,6 nætur utan sumartíma.⁴

Því má áætla heildarfjölda gistenátta erlendra ferðamanna alls um 2.795.000 árið 2004 /(362 þúsund gestir x 7,73 nætur).

Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands voru gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum 39,3 milljarðar árið 2004, 26,1 milljarðar vegna útgjálda innanlands en 13,2 milljarðar vegna fargjaldatekna. Samkvæmt því má áætla að dagleg meðalútgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2004 hafi verið um 9.300 kr (26.100.000.000 kr / 2.795.000 nætur).

Þessar tölur Seðlabanka eru því í góðu samræmi við niðurstöður úr *Dear Visitors* könnunum RRF árið 2004, en þær var annars vegar spurt kostnað vegna fargjalda til Íslands og hins vegar útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi. Niðurstöður úr könnunum RRF voru þær að dagleg meðalútgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi voru 8.500 kr að sumarlagi en 9.900 kr utan sumartíma; eða um 9.000 kr meðalútgjöld á dag á ársgrundvelli.⁵



Erlendir ferðamenn við Goðafoss.

Mynd: RG

⁴. Hér er byggt á svörum 5.938 erlendra brottfararfærþega í Leifsstöð og á Seyðisfirði árið 2004; 2628 að sumarlagi og 3.310 svörum aðra mánuði ársins.

⁵. Þess má geta að samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum úr *Dear Visitors* könnun RRF sumarið 2007 voru meðalútgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi um 10.400 kr á dag og höfðu því hækkað að jafnaði um 1.900 kr frá sumrinu 2004.

2.1 Útgjöld eftir markaðssvæðum

Þegar dagleg útgjöld ferðamanna í könnunum RRF árið 2004 eru greind eftir búsetu ferðamanna, þ.e. í hvaða markaðssvæði þeir eru búsettir, þá kemur í ljós umtalsverður munur. Þannig voru útgjöld mest hjá ferðamönnum frá Norður-Evrópu og síðan Bretum en lægst meðal ferðamanna frá Mið-Evrópu (Pýskaland, Sviss og Austurríki).

Dagleg útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi voru að jafnaði um 20% hærri utan sumars en yfir sumarmánuðina.

**3. tafla Dagleg útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 2004
eftir markaðssvæðum**


| Krónur | Sumar | Utan sumars |
|-----------------|--------------|--------------|
| Norðurlönd | 9.150 | 9.000 |
| Mið-Evrópa | 5.600 | 7.000 |
| Benelux | 7.380 | 9.200 |
| Bretlandseyjar | 11.700 | 10.950 |
| S-Evrópa | 7.360 | 8.800 |
| N-Ameríka | 13.260 | 12.200 |
| Annað | 6.770 | 10.600 |
| Meðaltal | 8.500 | 9.900 |

2.2 Útgjöld eftir tilgangi ferðar

Verulegur munur kom einnig í ljós á útgjöldum erlendra ferðamanna eftir tilgangi ferðar til Íslands. Þannig voru dagleg útgjöld hæst meðal þeirra eru komu á ráðstefnur eða voru í viðskiptaerindum, mun lægri meðal þeirra sem voru hér í fríi en lægst hjá þeim sem komu til að heimsækja vini eða ættingja.

**4. tafla Dagleg útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 2004
eftir tilgangi ferðar**

| Krónur | Sumar | Utan sumars |
|-----------------|--------------|--------------|
| Frí | 8.140 | 10.060 |
| Heimsókn | 7.000 | 5.300 |
| Viðskipti | 11.200 | 12.600 |
| Ráðstefna | 11.140 | 11.300 |
| Meðaltal | 8.500 | 9.900 |



Við Reykjavíkurfjörn.

Mynd: RG

2.3 Útgjöld eftir föruneyti

Talsverður munur kom einnig í ljós á útgjöldum erlendra ferðamanna eftir föruneyti þeirra á Íslandi. Þeir sem voru með vinnufélögum á ferð eyddu mestu en síðan þeir sem voru einir á ferð. Fólk með börn í föruneyti sínu var hins vegar með tölувart lægri dagsútgjöld á mann.

5. tafla

Dagleg útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 2004 eftir föruneyti

| Krónur | Sumar | Útan sumars |
|-----------------|--------------|--------------|
| Einn á ferð | 8.850 | 10.300 |
| Með maka | 7.800 | 9.600 |
| Með vinum | 8.670 | 9.180 |
| Barnafjölskylda | 7.300 | 7.940 |
| Vinnufélagar | 9.100 | 12.870 |
| Meðaltal | 8.500 | 9.900 |

2.4 Útgjöld á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni

Þegar útgjöld þeirra sem eingöngu dvelja í Reykjavík eru borin saman við útgjöld ferðamanna sem gistu eingöngu úti á landi, kemur í ljós marktækur munur. Þannig eyða þeir sem dvelja eingöngu í Reykjavík að jafnaði um 40% meira en þeir sem dvelja á landsbyggðinni.⁶

6. tafla

Dagleg útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 2004 eftir því hvort gist er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni

| Krónur | Sumar | Útan sumars |
|---------------------------|--------------|--------------|
| Bara gist í Reykjavík | 10.750 | 10.400 |
| Bara gist úti á landi | 7.320 | 7.000 |
| Eitthvað gist úti á landi | 7.600 | 7.300 |
| Meðaltal | 8.500 | 9.900 |

⁶. Þessari niðurstöðu væri afar áhugavert að fylgja eftir með könnunum á útgjöldum ferðamanna í Reykjavík og sundurlíðun á þeim.

Málfærni í
- 0 2,3 millj. i
Ferð

Málfærni ferð

75 x 3,0 = 46

Útgjöld og gistinætur ferðamanna á Íslandi

3.0 Gistinætur Íslendinga á ferðalögum innanlands 2004

Samkvæmt símakönnun Rannsóknar og ráðgjafar ferðaþjónustunnar má áætla heildarfjölda gistenáttu Íslendinga á ferðalögum innanlands um 4,9 milljónir árið 2004, eða að jafnaði um 17 gistenætur á hvert mannsbarn á Íslandi.⁷

7. tafla Fjöldi og hlutfall gistenáttu Íslendinga 2004 - eftir landshlutum

2007-2008

8.000 (8 milli mill.)

- 500

| | Fjöldi 1000 nætur | Hlutfall % |
|------------------------|----------------------|---------------|
| Vesturland | 710 | 14,4 |
| Vestfirðir | 330 | 6,7 |
| Norðurland | 1.080 | 21,9 |
| Austurland | 320 | 6,5 |
| Suðurland | 1.570 | 31,8 |
| Reykjavík og Reykjanes | 920 | 18,7 |
| ALLS | 4.930 | 100,0 |

Spurt var sérstaklega um gistenætur Íslendinga í eigin sumarhúsum. Um fjórðungur svarenda voru með eigin sumarhús eða höfðu aðgengi að sumarhúsi fjölskyldunnar. Að jafnaði hafði fólk dvalið um 20 nætur í sumarhúsinu árið 2004. Samkvæmt því má áætla að gistenætur Íslendinga í eigin sumarhúsum/sumarhúsi fjölskyldunnar hafi verið um 1,3 milljónir gistenáttu árið 2004 eða riflega fjórðungur allra gistenáttu Íslendinga á Íslandi, utan hversdagsumhverfis.

70%



Sumarhúsa eign landsmanna hefur vaxið hröðum skrefum á síðustu árum.

Mynd: RG

⁷. Úrtakið í könnuninni var 1200 Íslendingar á aldrinum 18-74 ára af landinu öllu. Svarhutfall var 68.5%.

4.0 Gistincetur erlendra ferðamanna á Íslandi 2004

Erlendir ferðamenn til Íslands með flugi eða ferju árið 2004 voru um 362 þúsund talsins. Þar af komu um 349 þúsund um Leifsstöð, samkvæmt talningu Ferðamálaráðs (nú Ferðamálastofu), 8 þúsund með Norraenu til Seyðisfjarðar og a.m.k. 5 þúsund um aðra flugvelli landsins. Þar við bætast um 45 þúsund ferðamenn sem komu til Íslands með skemmtiferðaskipum sumarið 2004.

Rétt tæplega erlendra gesta (auk farþega með skemmtiferðaskipum) komu yfir sumarmánuðina þrjá, júní, júlí og ágúst en rúmur helmingur aðra níu mánuði ársins.

Af einstökum markaðssvæðum komu flestir frá Norðurlöndum en síðan frá Bretlandseyjum.

8. tafla Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands eftir markaðssvæðum 2004⁸

| Fjöldi | Utan sumars | | Utan sumars | Sumar | ALLT ÁRIÐ |
|----------------|---------------|---------------|----------------|----------------|----------------|
| | jan-apríl | sept-des | | | |
| Norðurlönd | 32.977 | 27.553 | 60.530 | 38.903 | 99.433 |
| Mið-Evrópa | 6.946 | 7.545 | 14.491 | 38.324 | 52.815 |
| Benelux | 3.916 | 2.763 | 6.679 | 8.630 | 15.309 |
| Bretlandseyjar | 21.182 | 16.517 | 37.699 | 22.724 | 60.423 |
| S-Evrópa | 6.385 | 6.863 | 13.248 | 26.050 | 39.298 |
| N-Ameríka | 15.334 | 13.739 | 29.073 | 23.474 | 52.547 |
| Annað | 11.385 | 9.955 | 21.340 | 21.868 | 43.208 |
| ALLS | 98.125 | 84.935 | 183.060 | 178.973 | 362.033 |

Mikill munur er á komum fólks frá mismunandi markaðssvæðum að sumri eða utan sumars eins og sést vel á hlutfallsskiptingunni í næstu töflu. Þannig voru gestir frá Mið-Evrópu t.d. um 21% af öllum erlendum ferðamönnum að sumarlagi 2004 en einungis 8% utan sumars.

9. tafla Hlutfall erlendra ferðamanna til Íslands eftir markaðssvæðum 2004

| Hlutfall - % | Utan sumars | | Utan sumars | Sumar | ALLT ÁRIÐ |
|----------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | jan-apríl | sept-des | | | |
| Norðurlönd | 33,6 | 32,4 | 33,1 | 21,7 | 27,4 |
| Mið-Evrópa | 7,1 | 8,9 | 7,9 | 21,4 | 14,7 |
| Benelux | 4,0 | 3,3 | 3,6 | 4,8 | 4,2 |
| Bretlandseyjar | 21,6 | 19,4 | 20,6 | 12,7 | 16,6 |
| S-Evrópa | 6,5 | 8,1 | 7,2 | 14,5 | 10,9 |
| N-Ameríka | 15,6 | 16,2 | 15,9 | 12,8 | 14,3 |
| Annað | 11,6 | 11,7 | 11,7 | 12,1 | 11,9 |
| ALLS | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |

⁸. Þessar fjöldatölur eru ekki nákvæmar en þó örugglega nærrí lagi. Einkum er stuðst við talningu Ferðamálaráðs Íslands í Leifsstöð þar sem greint var á milli brottfararfærþega af 12 mismunandi þjóðernum – en þeir sem eru af öðru þjóðerni eru settir undir “annað”. Hér er auk þess stuðst við þjóðernaskiptingu í könnunum RRF. Þar er t.d. áætlaður fjöldi gesta frá Austurríki (tilheyrir Mið-Evrópu), Belgíu, Lúxemborg (Benelux lönd) og Portúgal (Suður-Evrópu) - sem eru lönd sem Ferðamálaráð greinir ekki sérstaklega.

4.1 Gistinætur eftir markaðssvæðum



Gististaður á hálandi Íslands. Hjóreiðafólk er fjölmennast frá Mið-og Suður Evrópu.

Mynd: RG

Á næstu töflu má sjá meðaldvöl erlendra ferðamanna eftir markaðssvæðum, samkvæmt könnunum RRF, annars vegar að sumri til og hins vegar utan sumartíma. Niðurstaðan er sú að ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu, Benelux löndunum og löndum utan helstu markaðssvæða dvelja að jafnaði mun lengur á Íslandi en gestir frá Norðurlöndunum, Bretlandseyjum og Norður-Ameríku.

10. tafla Meðaldvöl erlendra ferðamanna eftir markaðssvæðum 2004


| Nætur | Sumar | Útan sumars | Meðaltal |
|----------------|-------|-------------|----------|
| Norðurlönd | 7,5 | 4,9 | 5,9 |
| Mið-Evrópa | 12,8 | 8,6 | 11,7 |
| Benelux | 12,7 | 4,6 | 9,2 |
| Bretlandseyjar | 7,1 | 4,2 | 5,3 |
| S-Evrópa | 11,3 | 6,4 | 9,7 |
| N-Ameríka | 6,7 | 5,7 | 6,1 |
| Annað | 12,5 | 7,7 | 10,1 |
| Meðaltal | 9,9 | 5,6 | 7,7 |

Flestar gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2004 voru meðal gesta frá Mið-Evrópu en litlu færri meðal ferðamanna frá Norðurlöndunum, eins og sjá má á 11. töflu.

11. tafla Fjöldi gistináttu erlendra ferðamanna eftir markaðssvæðum 2004

| 1000 nætur | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|----------------|-------|-------------|-------|
| Norðurlönd | 294 | 292 | 586 |
| Mið-Evrópa | 490 | 125 | 615 |
| Benelux | 109 | 31 | 140 |
| Bretlandseyjar | 160 | 159 | 319 |
| S-Evrópa | 292 | 85 | 377 |
| N-Ameríka | 157 | 168 | 325 |
| Annað | 271 | 162 | 433 |
| ALLS | 1.773 | 1.022 | 2.795 |

Mikill munur er á hlutfalli gisti-náttu ferðamanna frá mismunandi markaðssvæðum eftir árstíðum, eins og sjá má á 12. töflu. Þannig var áætlað hlutfall gisti-náttu ferðamanna frá Mið-Evrópu, S-Evrópu og Benelux löndunum um 51% af heild sumarið 2004 en einungis 24% utan sumars. Þessu var hins vegar öfugt farið meðal Norður-landabúa, Bretna og íbúa Norður-Ameríku sem voru með 34% af gisti-nóttum erlendra ferðamanna á Íslandi sumarið 2004 en 61% gisti-náttanna utan sumars. Hlutfall gisti-náttu ferðamanna utan helstu markaðssvæða var svipað að sumri og utan þess.



Ferðamenn á Hveravöllum.

Mynd: RG

12. tafla Hlutfall gisti-náttu erlendra ferðamanna eftir markaðssvæðum 2004

| Hlutfall - % | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|----------------|-------|-------------|-------|
| Norðurlönd | 16,6 | 28,8 | 20,8 |
| Mið-Evrópa | 27,6 | 12,2 | 22,3 |
| Benelux | 6,2 | 3,0 | 5,0 |
| Bretlandseyjar | 9,0 | 15,6 | 11,4 |
| S-Evrópa | 16,5 | 8,3 | 13,6 |
| N-Ameríka | 8,8 | 16,2 | 11,4 |
| Annað | 15,3 | 15,9 | 15,5 |
| ALLS | 100,0 | 100,0 | 100,0 |

Þessi munur sést enn betur á næstu töflu. Þannig voru 78-80% af gisti-nóttum ferðamanna frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum hér að sumarlagi árið 2004 en einungis 18-22% af gisti-nóttum þeirra voru utan sumartíma. Meðal ferðamanna frá Norðurlöndunum, Bretlandi og Norður-Ameríku skiptust gisti-náttar á Íslandi hins vegar nokkuð jafnt milli sumars og annarra mánaða ársins.

13. tafla Skipting gisti-náttu erlendra ferðamanna sumar og utan sumars 2004 - eftir markaðssvæðum


| Hlutfall - % | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|----------------|-------|-------------|-------|
| Norðurlönd | 50,2 | 49,8 | 100,0 |
| Mið-Evrópa | 79,7 | 20,3 | 100,0 |
| Benelux | 77,9 | 22,1 | 100,0 |
| Bretlandseyjar | 50,2 | 49,8 | 100,0 |
| S-Evrópa | 77,5 | 22,5 | 100,0 |
| N-Ameríka | 48,6 | 51,4 | 100,0 |
| Annað | 62,6 | 37,4 | 100,0 |
| ALLS | 64,0 | 36,0 | 100,0 |

Þessi misskipting á gistenóttum erlendra ferðamanna eftir landshlutum sést betur á 16. töflu. Samkvæmt henni er áætlað að um 53% af gistenóttum erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2004 hafi verið utan sumartíma en einungis 14-23% gistenóttum erlendra ferðamanna í öðrum landshlutum.

16. tafla Hlutfall gistenáttu erlendra ferðamanna 2004 – eftir landshlutum

| Hlutfall - % | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|--------------------------|-------|-------------|-------|
| Vesturland | 79,8 | 20,2 | 100,0 |
| Vestfirðir | 77,6 | 22,4 | 100,0 |
| Norðurland | 77,2 | 22,8 | 100,0 |
| Austurland | 86,1 | 13,9 | 100,0 |
| Suðurland | 82,2 | 17,8 | 100,0 |
| Höfuðb.svæði og Suðurnes | 46,6 | 53,4 | 100,0 |
| ALLS | 64,0 | 36,0 | 100,0 |

4.3 Gistinætur eftir gismáta



Frá Árnanesi við Hornafjörð.

Mynd: RG


Samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum RRF var vel yfir helmingur gistenáttu erlendra ferðamanna árið 2004 á hótelum og gistiheimilum en því næst komu gistinætur á tjaldsvæðum og hjá vinum/kunningum.⁹

17. tafla Fjöldi gistenáttu erlendra ferðamanna 2004 - eftir gismáta

| 1000 nætur | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|-----------------------|-------|-------------|-------|
| Hótel og gistiheimili | 888 | 683 | 1.571 |
| Tjaldsvæði | 400 | 14 | 414 |
| Farfuglaheimili | 108 | 55 | 163 |
| Á víðavangi | 92 | 9 | 101 |
| Hjá vinum | 136 | 179 | 315 |
| Annað | 149 | 82 | 231 |
| ALLS | 1.773 | 1.022 | 2.795 |

⁹. Undir "annað" fellur m.a. gisting í fjallaskálum, sumarhúsum, svefnþokagisting í félagsheimilum o.fl.

4.2 Gistenætur eftir landshlutum



Við Dyrhólaey.

Mynd: RG

Á næstu þremur töflum verður gerð grein fyrir áætlunum um fjölda og hlutfall gistenáttu erlendra ferðamanna eftir landshlutum á Íslandi árið 2004. Það ár eru gistenætur erlendra ferðamanna áætlaðar um 2.795 þúsund, eins og áður hefur komið fram.

Um helmingur gistenáttu erlendra ferðamanna var á höfuðborgarsvæðinu eða Suðurnesjum en helmingur á landsbyggðinni.

14. tafla Fjöldi gistenáttu erlendra ferðamanna 2004 - eftir landshlutum

| | 1000 nætur | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|--------------------------|--------------|--------------|--------------|------|
| Vesturland | 142 | 36 | 178 | |
| Vestfirðir | 52 | 15 | 67 | |
| Norðurland | 363 | 107 | 470 | |
| Austurland | 204 | 33 | 237 | |
| Suðurland | 355 | 77 | 432 | |
| Höfuðb.svæði og Suðurnes | 657 | 754 | 1.411 | |
| ALLS | 1.773 | 1.022 | 2.795 | |

Gistenóttum erlendra ferðamanna á Íslandi er mjög misskipt milli suðvesturhorns og landsbyggðar eftir árstíðum. Þannig er áætlað að 63% af gistenóttum erlendra ferðamanna sumarið 2004 hafi verið á landsbyggðinni en einungis 26% af gistenóttum þeirra utan sumars.

15. tafla Hlutfall gistenáttu erlendra ferðamanna 2004 - eftir landshlutum

| | Hlutfall - % | Sumar | Útan sumars | ALLS |
|--------------------------|--------------|--------------|--------------|------|
| Vesturland | 8,0 | 3,5 | 6,4 | |
| Vestfirðir | 2,9 | 1,5 | 2,4 | |
| Norðurland | 20,5 | 10,5 | 16,9 | |
| Austurland | 11,5 | 3,2 | 8,5 | |
| Suðurland | 20,0 | 7,5 | 15,5 | |
| Höfuðb.svæði og Suðurnes | 37,1 | 73,8 | 50,3 | |
| ALLS | 100,0 | 100,0 | 100,0 | |

Helmingur gistenátta erlendra ferðamanna sumarið 2004 voru á hótelum eða gistiheimilum, en um tveir þriðju hlutar gistenátta þeirra utan sumartíma. Um 23% gistenátta að sumarlagi voru á tjaldsvæðum en um 17% gistinga utan sumartíma voru hjá vinum eða kunningjum.

18. tafla Hlutfall gistenátta erlendra ferðamanna 2004 - eftir gistimáta

| Hlutfall - % | Sumar | Után sumars | ALLS |
|------------------------------|--------------|--------------|--------------|
| Hótel og gistiheimili | 50,1 | 66,8 | 56,2 |
| Tjaldsvæði | 22,6 | 1,4 | 14,9 |
| Farfuglaheimili | 6,1 | 5,4 | 5,8 |
| Á víðavangi | 5,2 | 0,9 | 3,6 |
| Hjá vinum | 7,6 | 17,4 | 11,2 |
| Annað | 8,4 | 8,1 | 8,3 |
| ALLS | 100,0 | 100,0 | 100,0 |



Áhugasamir ferðamenn við hvalaskoðun á Skjálfandaflóa.

Mynd: RG

Nær öll tjaldgisting átti sér stað yfir sumarmánuðina þrjá og sömuleiðis þorri gistinga í tjöldum eða húsbílum á víðavangi, tveir þriðju hlutar gistenátta á farfuglaheimilum og rúmur helmingur gistenátta á hótelum og gistiheimilum. Hins vegar var meirihluti gistinga hjá vinum eða kunningjum utan sumartíma.

19. tafla Skipting gistenátta erlendra ferðamanna sumar og utan sumars 2004 - eftir gistimáta

| Hlutfall - % | Sumar | Után sumars | ALLS |
|------------------------------|-------------|-------------|--------------|
| Hótel og gistiheimili | 56,5 | 43,5 | 100,0 |
| Tjaldsvæði | 96,6 | 3,4 | 100,0 |
| Farfuglaheimili | 66,3 | 33,9 | 100,0 |
| Á víðavangi | 91,1 | 8,9 | 100,0 |
| Hjá vinum | 43,2 | 56,8 | 100,0 |
| Annað | 64,5 | 35,5 | 100,0 |
| ALLS | 63,4 | 36,6 | 100,0 |